

Viðtal við bandaríska myndlistarmanninn Alcopley, þar sem hann segir m.a. frá því hvernig sé að standa einn góðan veðurdag andspænis yfirlitssýningu á verkum sínum — hvernig hann fór að mála fyrir hreina slynsni, fullorðinn maður — þegar hann stofnaði Klúbbinn í New York ásamt ýmisum jöfrum bandarískrar nútímamyndlistar — og þegar hann hitti konu sína í fyrsta sinn, Nínu heitina Tryggvadóttur.

Alcopley kemur manni eiginlega ekki þannig fyrir sjónir að hann sé listmálari. Hann minnir miklu fremur á prófessor. Einasta ytri vísbendingin um að þarna fari bóhem er skærgræna bindið hans, sem stingur töluvert í stúf við annan klæðaburð og fas mannsins, en það er reyndar ekki einhlýtur vitnisburður, því að vel má ímynda sér dálítið viðutan prófessor með bindi af þessu tagi.

Alcopley er heldur ekki alveg laus við að vera viðutan. Við vorum búnir að mæla okkur mót kl. 3 stundvíslega á Kjarvalsstöðum, þar sem nú stendur yfir yfirlitssýning á verkum hans, en blaðamaður var búinn að biða þar drygklanga stund þegar í ljós kom, að Alcopley beið alltar heima í íbúð sinni og konu hans heitinnar, Nínu Tryggvadóttur, á Fálkagötunni. Reyndar þurfti listfræðing með háskólapróf úr tveimur heimsálfum til að greiða úr þessum misskilningi.

„Blessaður góði, ég er búinn að hafa svo mikið að gera, og búinn að hitta svo margt fólk, að ég er orðinn ringlaður á öllu saman,“ sagði Alcopley þegar hann heilsaði mér litlu síðar í íbúðinni á Fálkagötu. Við komum okkur fyrir í stofunni, sem snýr til suðurs og þaðan er fallett útsýni yfir Skerjafjörðinn og til Suðurnesja. Allsstaðar á hvítmáludum veggjunum voru myndir eftir Nínu, — engin eftir Alcopley

sjálfan og hið eina sem gaf til kynna, að hann væri þarna húsráðandi var læknisfræðilegt vísindarit á stofuborðinu ásamt vélritaðri ritgerð eftir Alcopley sjálfan um svo fræðileg efni, að ég treysti mér ekki til að hafa það eftir, nema hvað eitthvað snerist það um blóðið.

Septembersólin glampaði inn um stofugluggann — eins áleitin og hún getur orðið á þessum árstíma, og pilsnerinn minn á stofuborðinu hitnaði iskyggilega eftir því sem á leið samtalið. Alcopley var nú loks nóg boðið og spurði hvort ég vildi ekki is út í glasaði. Ég afþakkaði, minnugur sögunnar um landann sem á bar í New York fyrir fáeinum árum setti barþjóninn út af laginu með því að biðja um björglas með is og röri. Og Alcopley kemur frá New York — háborg myndlistarinnar um þessar mundir, og sjálfur átti hann sinn þátt í að skipa þeirri borg í þann sess.

— 000000 —

Að þekkja takmörk sín

Hvernig tilfinning er það fyrir listamann að koma inn í sýningarsal og sjá verk sín frá ýmsum tímabilum komin saman á einum stað?

„Ég get auðvitað ekki svarað fyrir alla listamenn heldur aðeins sjálfan mig, og fyrir mig er þetta merkileg lífsreynsla. Það hafa áður verið haldnar stærri sýningar en þessi á myndum minum en aldrei áður sýning sem spannar svo stóran hluta listamannsævi minnar eða 43 ár. Þarna sér maður fjölda mynda sem maður hefur aldrei séð áður saman — hlið við hlið. Já, þetta er óneitanlega athyglisvert — standa allt í einu andspænis þróun manns sjálfs í listinni og sjá hvernig maður hefur breytt í árána rás. Maður er yfirleitt alltaf upp-teknastur af því sem maður er að vinna við þá stundina og þeim verkum sem eru næst manni í tíðinni, og þarna held ég að ég geti talað fyrir alla listamenn. Þess vegna er það töluvert opinberun fyrir sérhvern listamann að sjá feril sinn og reynsluþróun á einum stað. Til dæmis sé ég núna vernig viss lífssýn (viðsjón), sem ég hef haft af heiminum og gengur meira og minna gegnum öll mín verk, tekur breytingum með tímanum og mótast.“

Þú ert að miklu leyti sjálfmenntaður í myndlistinni?

„Já, eins og þú sennilega veizt hef ég raunverulega tvenns konar starfssvettvang — læknavísindin og myndlistina. Í tengslum við hið fyrrnefnda kynntist ég auðvitað náði því sem ég vil kalla stofnanamenntun og vann við ýmsar stofnanir, svo að ég kærði mig ekkert um að hljóta þess háttar menntun í myndlistinni. Hins vegar lærði ég síðar meir að búa til þrykk hjá frægum manni í París, sem flestir meiriháttar mál- arar í þá daga lærðu einnig hjá, og það er eiginlega eina raunverulega námið sem ég hef fengið í myndlist. Þó var þetta enginn skóli í venjulegum skilningi heldur fremur vinnustofa. Engu að síður tel ég mig vel skólaðan myndlistamann en minir skólar hafa verið söfnin bæði í Evrópu og Ameríku og einnig hef ég sótt þekktu myndlistarmenn heim í vinnustofur þeirra og numið af þeim. Og ef ég á að nefna einhverja kennara mína sérstaklega, þá væru það Mondrian og Matisse og þeim kynntist ég fyrst og fremst á söfnunum.“

Annars fann ég snemma til löngunar til að leggja myndlist fyrir mig. Sem barn og unglingur var ég alltaf að teikna, og fékk einatt verðlaun fyrir myndir mínar á yngri árum. Kennarar mínir í skólanum voru flestir listamenn, og þeir kenndu mér auðvitað undirstöðuatriðin, eins og hlutföll og sjónarhorn, og hvöttu mig óspart til að halda áfram. Einhvern veginn taldi ég mér þó trú um, að ég byggi ekki yfir nægilegum hæfileikum til þess að verða góður málari, og ég hef alltaf verið þannig innstilltur að vilja ekki takast á við neitt nema vera viss um að geta leyst það vel af hendi; „að þekkja takmörk sín“ hafa eiginlega verið einkunnarorð mín í lífinu. Ég fór því ekki að fást við málalustina fyrr en tiltölulega seint eða í kringum 1939 og þá mest fyrir hreina slynsni. En upp úr því fór ég líka að taka listina alvarlega og tók upp nafnið Alcopley — aðallega vegna þess að ég vildi ekki láta rugla mér saman við nafna minn, John Singlepton Copley, sem uppi var um það leyti sem Bandaríkin lýstu yfir sjálfstæði sínu og kunnur er fyrir málverk sín enn þann dag í dag.“

Sjá næstu síðu

